

Hópmýnd af FÍFLum við gosstöðvarnar á Fimmvörðuhálsi, frá vinstri Engilbert Sigurðsson, Gunnlaugur Helgason, Jón Trausti Sigurðarson, Inga Lára Ingvarsdóttir, Harpa Rúnarsdóttir, Hallgrímur Guðjónsson, Magnús Gottfredsson og Tómas Guðbjartsson. Ljósmynd Finnur Sveinsson.



FÍFL vakna úr vetrardvala

**Engilbert
Sigurðsson**

**Tómas
Guðbjartsson**

Vordagskrá félagsins hófst með inngangsfyrirlestri Tómasar Guðbjartssonar um háfjallaveiki á Hótel Nordica. Breski gjörgæslulæknirinn Michael Grocott flutti síðan erindi um háfjallarannsóknir sínar á Everest. Um 650 manns sóttu dagskrána og voru fjölmargir læknar og læknanemar í hópi áheyrenda.

Gosið á Fimmvörðuhálsi í seinni hluta mars gaf FÍFLum kærkomið tækifæri til að dusta rykið af gönguskónum. Laugardaginn 27. mars var gengið að gosstöðvunum frá Skógum mót köldum norðanblæstri. Rýnt var í spúandi eldgíga og haldið meðfram nýrunnu hrauninu niður að Hrunagili. Eins og stundum áður urðu meðlimir í Jöklarannsóknarfélagi landlæknisembættisins á vegi FÍFLa, þar á meðal Steinn Jónsson og Sigurður Guðmundsson, en félagi þeirra, Hallgrímur Guðjónsson, ákvað þennan dag að yngja upp og slást í för með FÍFLum.



Gengið á Þverártindsegg. Mynd: Valgerður Rúnarsdóttir.

FÍFL hefur ýmislegt á þrjónunum á næstu vikum. Aðra helgina í maí, 14.-16. maí, stendur til að ganga á Þverártindsegg í Vatnajökli. Helgin á eftir er til vara ef illa viðrar. Gos í Eyjafjallajökli kann að setja strik í reikninginn. Gist verður tvær nætur í bændagistingu á Hala í Suðursveit. Að morgni laugardags verður ekið á jeppum torfarna leið inn Kálfafellsdal og þaðan gengið á Eggina (1554 m), framhá skriðjöklinum Skrekk. Göngu-leiðin er frekar brött en tekið skal fram að ekki er um klifur að ræða. Gangan tekur um 10-11 klst. Nauðsynlegt er að hafa meðferðis mannbrodda og ísöxi. Aðalfararstjóri verður Þorvaldur Þórsson hátindahöfðingi. Hámarksfjöldi þátttakenda er 20.

Nánari upplýsingar um þessa ferð og aðrar ferðir á www.facebook.com (leita undir FÍFL). Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá undirrituðum.

Að lokum má geta þess að í apríl birtist vísindagrein eftir nokkra meðlimi FÍFL í *High Altitude Medicine and Biology*. Það eru niðurstöður úr rannsóknarleiðangri íslenskra og sænskra lækna á tind næsthæsta fjalls Alpenna, Monte Rosa (4559 m) í ágúst 2008. Í leiðangrinum voru meðal annars gerð taugasálfræðiþróf og mælingar á ensíminu S-100B í blóði. Þekkt er að ensímið sé losað í blóð við súrefnisskort og sjúkdóma í miðtaugakerfi, svo sem heilablóðfall. Ágrip úr greininni er á Pubmed www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/20367486. Greinina má sjá í heild sinni á vef bókasafns Landspítala.